

Karpov lagði blóm á leiði Fischers

ÚR BÆJARLÍFINU

Sigmundur G. Sigurgeirsson
Árborg



Í dag fagnar Sunnlenska bókaaffið á Selfossi 5 ára afmæli en fyrirtækið er í eigu þeirra hjóna Bjarna Harðarsonar og Elínar Gunnlaugsdóttur. Haldið verður upp á afmælið með kleinum og kaffi fyrir viðskiptavinum og gesti í dag frá kl. 14 til 18. Þau hjónin selja ekki bara kaffi og bækur heldur stunda þau bókaútgáfu og í tilefni afmælisins koma út tvær bækur; bókin Selfoss sem er ljósmyndabók eftir Gunnar Marel Hinriksson, sagnfræðing á Selfossi, þar sem textar sem fjalla um bæjarfélagað spila saman við ljósmyndir höfundar, og ljóðabókin Kanill sem

er önnur ljóðabók skáldkonunnar Sigríðar Jónsdóttur í Arnarholti í Biskupstungum. Fyrri bók Sigríðar, Einnar báru vatn var metsölubók fyrir jólin 2006.

Oktober menningarmánuður

Oktober er sérstakur menningarmánuður í sveitarfélaginu Árborg og er margvísleg dagskrá í gangi vegna þessa. Sl. fimmtudagskvöldið var fjölmenni í hótelinu á Selfossi þar sem fram fór danskt kvöld til heiðurs og minningar þess fjölda Dana sem fluttust á Selfoss um miðja síðustu öld, einkum í tengslum við störf sín í mjólkurbúi Flóamanna. Í næstu viku verður svo 120 ára afmælis Ölfusárbrúar minnst og hinn 29. október verður minningarkvöld um Steina



Morgunblaðið/Sigmundur G. Sigurgeirsson

Afmæli Bjarni og Elín í bókaaffi sínu á Selfossi. Þar verður hátíð í dag.

spil, þar sem farið verður yfir sögu Þorsteins og lög eftir hann leikin af ýmsum tónlistarmönnum.

Dræmt hjá verktökum

Flest stærri verk eru að klárast

hjá stærstu verktökum á svæðinu. Þannig lýkur brátt byggingu versunarhúsnæðis þar sem Hagkaup og Bónus verða til húsa, austast á Selfossi, en fyrirtækið JÁ Verk hefur séð um byggingu þess. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Gylfi

Gíslason, greindi frá því á fundi verkalýðsfélaga á Eyrarbakka nýlega að engin stærri verk væru sýnileg framundan og því líklegt að þar kæmi til uppsagna. Hið sama á við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða en haft er eftir Ólafi Snorrassyni, framkvæmdastjóra Ræktó, í nýjasta Sunnlenska, að engin stærri verk séu í kortunum og líklega verði dregið úr vinnu þar í vetur.

Heimsfrægur í heimsókn

Anatoli Karpov kom í heimsókn í Flóann um síðustu helgi, og lagði blóm á leiði Bobbys Fischers sem jarðaður var í Laugardæla-kirkjugarði. Með í för voru meðal annars félagar í stuðningshópi Fischers, en hugmyndir eru uppi um að koma á fót safni til minningar um Fischer. Ýmsir heimamenn hér telja eðlilegt að slíkt safn sé nærri þeim stað þar sem hann valdi sér til lokadvalar, en umtalsverður fjöldi ferðamanna heimsækir gröf Fischers í hverri viku, einkanlega erlendir gestir.

Grunnrístarari ferja sigli í Landeyjahöfn

● Siglingastofnun svarar skipstjóra

Siglingar Baldurs til Landeyjahafnar um fimm vikna skeið nú í haust hafa að mati Siglingastofnunar sýnt fram á að með grunnrístarari ferju ganga siglingar vel.

Stofnunin sendi Morgunblaðinu tilkynningu, þar sem brugðist er við þeirri gagnrýni sem Steinar Magnússon, einn skipstjóra Herjólfss, setti fram í blaðinu í gær á hönnun Landeyjahafnar og siglingar með Baldri til hafnarinnar. „Sigldi skipið, sem skipstjóri Herjólfss kallaði í Morgunblaðinu í gær „drullukláf“, upp að þeim viðmiðunarmörkum öldu sem lagt var upp með þegar höfnin var hönnuð en því hefur Herjólfur ekki náð. Aldrei þurfti að fella niður ferðir vegna dýpis. Eins og og fram hefur komið hentar Herjólfur illa til siglinga í höfnina. Um þetta er samstarfshópur um málefni siglinga til Eja sammála eins og fram kemur í fréttatilkynningu hópsins í síðustu viku: „Ljóst er að siglingar Herjólfss í höfnina eru vandkvæðum bundnar vegna stærðar skipsins, lögunar og djúpristu.“ Samstarfshópurinn skipa fulltrúar innanríkisráðuneytis, Siglingastofnunar, Vegagerðarinnar, Vestmannaeyjabæjar og Eimskips auk skipstjóra Herjólfss,“ segir Siglingastofnun.

Einnig segir hún að miklir sandflutningar séu við suðurströnd landsins. Sandur berist með öldgangi bæði til austurs og vesturs. „Formhönnun Landeyjahafnar er dæmigerð fyrir hafnir þar sem sandurinn þarf að berast framhjá hafnarmynni í báðar áttir, þ.e.a.s. brimvarnargarðarnir hafðir jafnlangir og samhverfa. Um leið og myndað er skjól eða var sest sandurinn til. Væri annar hvor garðurinn hafður lengri en hinn myndi sandurinn stöðvast við þann garð og loka hafnarmynninu.“

Siglingastofnun segir að í undirbúningi að byggingu Landeyjahafnar hafi fjöldi hugmynda verið skoðaður og sjónarmiða margra leitað, ekki síst sjómanna frá Vestmannaeyjum, Grindavík og Hornafirði. Eft-



Morgunblaðið/RAX

Ferja Herjólfur í Landeyjahöfn.

ir að höfnin var tekin í notkun hafi fjölmargir aðilar komið með lausni á þeim vandræðum sem verið hafa.

„Flestar hugmyndanna höfðu í aðdraganda að byggingu hafnarinnar verði skoðaðar af innlendum og erlendum sérfræðingum í hafnargerð. Framburður Markarfljóts var þekktur, sandflutningur á svæðinu einnig, en eldgosið í Eyjafjallajökli margfaldaði efnisburðinn og stærðargráðu viðfangsefnisins.“

Hönnun Landeyjahafnar gerði ráð fyrir minna og grunnristara skipi en Herjólfur er. Vinna við hönnun nýrrar ferju var langt komin haustið 2008 en við efnahagshrunið var fallið frá smíðinni. Þrátt fyrir það lauk byggingu hafnarinnar á áætlun og af bjartsýni var vonast til að hægt yrði að notast við Herjólf í bili. Það hefur ekki gengið eftir. Skipið hefur sjaldan siglt þegar ölduhæð fer yfir 2,5 metra og því hefur lítil siglingareynsla fengist frá opnun hafnarinnar í fyrrasumar. Að vetrarlagi má búast við áframhaldandi erfðileikum þar til fengin er grunnristari ferja,“ segir Siglingastofnun enn fremur.

Stærri höfn var of dýr

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hafði einnig samband vegna umfjöllunar blaðsins í gær um Landeyjahöfn. Hann sagðist ekki kannast við að Eyjamenn hefðu á sínum tíma lagst gegn áformum um stóra höfn vestar á Landeyjasandi af ótta við samkeppni við þeirra höfn í Eyjum. Hugmyndin hefði verið afgreidd út af borðinu sökum mikils kostnaðar. bjb@mbl.is



Ljósmynd/Vikurfréttir

Gagnaver Unnið er hörðum höndum að undirbúningi þess að taka á móti gagnaverseiningum frá Colt inn í skemmu Verne Global á Ásbrú í Reykjanesbæ. Von er á fyrstu einingunum til landsins eftir helgi, alls 37 að tölu.

Gagnaverið í gang

- Verne Global áformar að taka til starfa á næstu vikum
- Samningar í höfn við fyrsta viðskiptavininn, Datapipe

SVIÐSLJÓÐ

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is



Eftir helgina eru væntanlegar til landsins einingar frá breska fjar-skiftafyrirtækinu Colt sem setja á upp í gagnaveri Verne Global í Reykjanesbæ. Verður einingunum komið fyrir í aðstöðu fyrirtækisins á Ásbrú, gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Að sögn Lisu Rhodes, aðstoðarforstjóra markaðs- og sölusviðs Verne Global, er stefnt að því að gagnaverið taki til starfa í lok þessa árs en í síðustu viku var samið við fyrsta viðskiptavin Verne Global, bandaríska upplýsingafyrirtækið Datapipe, sem hyggst hýsa gögn sín í verinu á Ásbrú.

Hún segir ánægjulegt að tekist hafi samningar við Datapipe og Verne fagni því að geta loks hafið starfsemi gagnaversins, hins fyrsta í heiminum sem ekki gefur frá sér gróðurhúsalofttegundir þar sem það er knúð áfram með endurnýjanlegri orku. Spurð hvort samningar séu í burðarlöndum við fleiri fyrirtæki en Datapipe, segist Lisa ekki geta upplýst það að svo stöddu.

Gagnaver af þessu tagi, sem einnig

hefur verið nefnt netþjónabú, þarf mikla orku og jafnframt mikla kælingu. Auk orku frá Landsvirkjun hyggst Verne Global nota kalt loftslagíð hér á landi til að kæla netþjónana niður.

Einingarnar sem koma frá Colt eru 37 talsins, í nokkurs konar gámum, sem komið verður fyrir á 500 fermetrum í einu af vöruhúsum Verne. Uppsetningin er sögð fljótleg og einföld og er rými fyrir fimm álíka stóra skammta til viðbótar í húsinu.

Einingarnar innihalda aflgjafa, hitastýringu, loftræstingu og öryggis- og eftirlitskerfi en sjálfir netþjónarnir koma frá öðrum aðila.

Skapar 100 störf fullbúið

Lisa segir ekki liggja ljóst fyrir hve margir starfsmenn fái vinnu við gagnaverið í upphafi. Þegar uppbyggingu þess verði að fullu lokið sé stefnt að því að starfsmenn verði um 100 talsins.

Datapipe er sem fyrr segir bandarískt fyrirtæki á sviði upplýsingatækni, með höfuðstöðvar í New Jersey. Það sérhæfir sig í upplýsingatækniþjónustu við fyrirtæki og þá aðallega með þráðlausri fjar-skiftatækni.

NOVATOR Á UM 20% HLUT

80 milljarða fjárfesting

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, á nú um 20% hlut í eignarhaldsfélaginu Verne Holdings, móðurfélagi Verne Global, en stærstu eigendurnar eru fjárfestingarsjóðirir General Catalyst Partners og Wellcome Trust. Novator átti framkvæði að stofnun Verne Holdings og fór í upphafi með 40% hlut. Fram kemur á vef Björgólfs Thors að heildarfjárfesting þessara eigna gagnaversins muni nema um 700 milljónum dollara þegar það verður fullbúið, jafnvirði ríflega 80 milljarða króna. Þar segir einnig að gagnaverið hafi fengið mikla umfjöllun erlendra fjölmiðla undanfarið, m.a. hjá CNN, Guardian, Wall Street Journal og Reuters.



Björgólfur Thor Björgólfsson

Birkilauf - Betulic

Birkilauf hefur góð áhrif á bæði vökvajafnvægi líkamans og húð, örvar starfsemi nýrna og þvagfæra. Hraðar efnaskiptum og losar vatn úr líkamanum, dregur úr bólgum og afeittrar líkamann (detox).

www.birkiaska.is

